

Erindisbréf fyrir umhverfisnefnd

Almennt

1. gr.

Undir yfirstjórn bæjarstjórnar fer umhverfisnefnd með umhverfismál eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum og í erindisbréfi þessu.

Skipan nefndar, kjörtímabil og trúnaðarskylda

2. gr.

Umhverfisnefnd er skipuð fimm fulltrúum og fimm til vara, kosnum af bæjarstjórn. Kjörtímabil nefndarinnar er það sama og bæjarstjórnar. Nefndin skal halda gerðabók og skulu fundargerðir hennar sendar bæjarstjórn til staðfestingar. Fulltrúar í umhverfisnefnd skulu gæta þagmælsku um einkamálefni fólks sem fjallað er um á fundum nefndarinnar. Fulltrúi í nefndinni skal víkja af fundi, og kalla til varamann, tengist hann einstaklingum eða málum sem fjallað er um í nefndinni eins og leiðbeint er um í 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Fundarhöld

3. gr.

Um starfshætti fastanefnda Hveragerðisbæjar er fjallað í VI. kafla Samþykktu um stjórn Hveragerðisbæjar og skal ákvæðum kaflans fylgt eftir því sem við á.

Umhverfisnefnd skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir, þó ekki sjaldnar en sex sinnum á ári. Umhverfisfulltrúi skal boða fundi í nefndinni í samráði við formann hennar. Fundarboð skal vera skriflegt eða rafrænt og fundi skal boða með að lágmarki tveggja sólarhringa fyrirvara. Heimilt er að boða aðra á fundi nefndarinnar til viðræðna um tiltekin mál. Nefndin skal skrá móttækin erindi og afgreiðslu þeirra.

Hlutverk

4. gr.

Hlutverk umhverfisnefndar er:

-að gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnu á sviði umhverfismála og hafa eftirlit með því að stefnu og markmiðum bæjaryfirvalda á hverjum tíma í þessum málaflokki sé framfylgt.

-Að stuðla að náttúruvernd í Hveragerðisbæ í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd nr. 60/2013, m.a. með ábendingum og tillögugerð til bæjarstjórnar.

- Að stuðla að snyrtilegum frágangi opinna svæða í Hveragerði, góðri umgengni um bæjarlandið og alhliða fegrun bæjarins. Skal áhersla lögð á samstarf við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga í því sambandi

-að leggja mat á þá þjónustu sem veitt er á vegum sveitarfélagsins í umhverfismálum og fjalla um þau erindi sem berast vegna þjónustunnar.

-að vera bæjarstjórn að öðru leyti til ráðuneytis í umhverfismálum.

Verkefni

5. gr.

Verkefni umhverfisnefndar eru:

-að hafa umsjón og eftirlit með þróun umhverfismála bæjarins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn lætur þau til sín taka og eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

-að hafa frumkvæði að aukinni endurvinnslu og endurnýtingu eftir því sem hagkvæmt þykir, m.a. með fræðslu og kynningu til íbúa bæjarfélagsins.

-að fara yfir tillögur umhverfisfulltrúa að fjárhagsáætlun hvers árs hvað varðar þá liði sem falla undir verksvið nefndarinnar og gæta þess í ákvörðunum sínum að halda áætlanir.

-að vinna að bættri ásýnd bæjarins og opinna svæða.

-að gera árlega tillögur til bæjarstjórnar um hverjum veita skuli viðurkenningu til þeirra sem skarað hafa framúr hvað varðar snyrtilegan frágang lóðar og umhverfis. Ennfremur skal nefndin árlega gera tillögu um hverjum skuli veita viðurkenningu á sumardaginn fyrsta fyrir framlag til umhverfismála.

-að hafa umsjón og eftirlit með dýrahaldi, landbúnaðarmálum og búfjárefartiliti samkvæmt m.a. lögum um dýravernd, fjallskilareglugerð og lögum um búfjáreftiliti.

-að hafa umsjón og eftirlit með náttúruvernd, skógrækt og landgræðslu skv. náttúruverndarlögum og lögum um landgræðslu.

-að leggja drög að viðhaldsáætlunum fyrir opin svæði bæjarins.

-að vinna að stefnu um sjálfbæra þróun og umhverfisvottunum fyrir bæjarfélagið.

-að veita umsögn við gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og við úrskurði um mat á umhverfisáhrifum.sbr. 33. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

-Að gera tillögur að fjárhagsáætlun til sveitarstjórnar um þá liði hennar sem falla undir verksvið nefndarinnar í samstarfi við viðkomandi starfsmenn.

- að vinna að öðrum þeim verkefnum sem bæjarstjórn felur nefndinni á hverjum tíma.

Fundargerðir og ákvarðanir

6. gr.

Umhverfisfulltrúi situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er ráðgjafi nefndarinnar og sér um ritun fundargerða, nema nefndin ákveði annað og

sendir afrit fundargerða til bæjarstjórnar. Hann undirbýr fundi í samstarfi við formann og framkvæmir ákvarðanir nefndarinnar eftir að bæjarstjórn hefur staðfest þær.

Ályktanir og fjárveitingar

7. gr.

Ályktanir umhverfisnefndar sem hafa önnur fjárútlát í för með sér en tilgreind eru í fjárhagsáætlun Hveragerðisbæjar skulu hljóta samþykki bæjarstjórnar.

Réttindi og skyldur fulltrúa

8. gr.

Um réttindi og skyldur fulltrúa í fræðslunefnd gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og Samþykktar um stjórn Hveragerðisbæjar, eftir atvikum.

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Hann skal láta formann vita um forföll með góðum fyrirvara og boða staðgengil sinn.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann efni þess til formanns a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í nefndinni og eru atkvæðisbærir fundarmenn ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir ráðið og ætla má að leynt eigi að fara samkvæmt eðli máls eða lögum. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna og áheyrnarfulltrúa gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga. Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

Upplýsingaskylda, fjárreiður og aðrar samþykkir

9. gr.

Umhverfisnefnd skal upplýst um framkvæmd þeirra liða fjárhagsáætlunar sem undir verksvið nefndarinnar falla.

Forstöðumenn bera ábyrgð á rekstri þeirra stofnana sem heyra undir nefndina og starfsfólk bæjarskrifstofu annast fjárreiður og reikningshald.

Umhverfisnefnd skal að öðru leyti starfa á grundvelli samþykktar um stjórn og fundarsköp Hveragerðisbæjar og sveitarstjórnarlaga.

Önnur ákvæði og meðferð mála
10. gr.

Séu ákvæði í lögum, samþykktum bæjarins eða samstarfssamningum um seturétt aðila utan nefndarinnar, þegar um mál þeim tengd er fjallað, skal þess gætt að þau ákvæði séu uppfyllt.

Nefndin skal ávallt gæta ákvæða stjórnarsýslulaga við meðferð mála.

Hveragerði _____ 2018

Aldís Hafsteinsdóttir
Bæjarstjóri